

Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn í skólanum 14. desember 2020 kl. 15.30

Mættir: Sigurður Steinar Ásgeirsson fulltrúi foreldra, Þuríður Sigurrós Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, Katrín Guðnadóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Karen Hrund Heimisdóttir og Gyða Sigurðardóttir fulltrúar kennara, Ingunn Guðnadóttir 10. bekk, Eva Rán Ottósdóttir 9. bekk, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Skólastjóri setti fund skólaársins og bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár.

1. Skólastarf á tímum heimsfaraldurs COVID-19

Skólastjóri fór yfir fyrirkomulag sóttvarna frá skólasetningunni 24. ágúst 2020.

Skólasetning fór fram á mismunandi tímum eftir bekkjum til þess að takmarka fjölda í sal. Einn forráðamaður fékk að fylgja yngstu börnunum. Skólinn hófst með hefðbundinni stundatöflu en gestakomur voru takmarkaðar strax frá byrjun.

Kaffistofu var skipt upp, bil á milli starfsmanna og hægt að fá kaffi á þremur stöðum.

Starfsmannafundir voru haldnir í tvennu lagi þar sem hámarksfjöldi var 50. Notast var við síma og tölvur á viðtalsdaginn þar sem foreldrar voru ekki boðaðir inn í skólann.

Lítilsháttar takmarkanir voru á samskiptum starfsfólks en engar hömlur voru á samskiptum nemenda.

Í nóvember og desember stóðu yfir strangari sóttvarnir. Starfsdagur var boðaður 2.

nóvember til þess að skipta skólanum í sóttvarnarhólf, starfsmönnum og nemendum í

5.-10. bekk gert að bera andlitsgrímur. Hverjum nemendahópi var úthlutað

afmörkuðu svæði til þess að vera á í frímínútum. Skóladagur nemenda hófst á

mismunandi tímum og hvert sóttvarnarhólf hefur sinn inngang. Skóladagur eldri

nemenda styttist bæði vegna þess að ekki var hægt að bjóða upp á valgreinar í

blönduðum hópum og vegna þess að ekki var hægt að bjóða öllum nemendum

hádegismat. Eingöngu nemendur í 1.-4. bekk fengu heitan mat í hádeginu. Kennsla

nemenda í 5.-7. bekk var skert og fór fram kl. 8.10-11.50 en kennsla nemenda í 8.-10.

bekk fór fram kl. 8:20-12:30. Um miðjan nóvember lengdist skóladagur nemenda í 5.-

7. bekk þ.a. þá komust þau í hádegismat.

Næstu breytingar á sóttvörnum voru svo 10. desember þegar nemendur máttu taka niður grímuna.

2. Áhrif sóttvarnaraðgerða á nemendur og starfsmenn.

Sóttvarnaskipulagið takmarkar verulega samgang allra sem sækja skólann. Nemendur

og starfsmenn finna fyrir því. Í máli nemendafulltrúa kom fram að þeir sakna valgreina,

félagslífs og félagsmiðstöðvastarfsins. Þeim fannst mikill munur að fá að fara á

íþróttæfingar.

3. Skemmtileg verkefni

Þrátt fyrir hamlandi sóttvarnaraðgerðir í skólastarfið þá hefur verið unnið að

fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum í skólanum. Kennarar hafa sannarlega

hugsað í lausnum. Unnið hefur verið að bættum samskiptum, rithöfundar hafa komið í heimsóknir á rafrænan hátt, bingó hefur verið spilað í fjarfundabúnaði og með sérstöku sniði í unglingsdeild. Jólaböll bekkja hafa verið í tónmenntatímum og jólakvöld eru framundan hjá nemendum í unglingsdeild. Jólamat er fyrirhugaður næsta miðvikudag fyrir alla nemendur og starfsmenn í skólanum.

4. Önnur mál

a) Skjálftinn 2021

Spennandi nýjung er framundan en það er verkefni byggt á Skrekk sem Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir í 30 ár. Um er að ræða listsköpun sem nemendur semja og flytja á 6 mínútum. Allir skólar í Árnessýslu stefna að þátttöku. Keppnin verður haldin 15. maí í íþróttahúsinu í Þorlákshöfn. Ása Berglind Hjálmarsdóttir tónmenntakennari heldur utan um verkefnið.

b) Skólastjóri leggur til að skólaráð haldi fundaráætlun í vetur. Næsti fundur verður á TEAMS 8. febrúar 2021.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16.00
Jónína Magnúsdóttir, fundarritari